

2. Bifreiðastöður.

Bifreiðastöður eru heimilar aðeins húsamegin á Ásbúðartröð og Hvaleyrarbraut, sbr. lið 1 a hér að framan.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 10. des. 1980. Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði 8. desember 1980.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING**um umferð í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.**

Að fenginni tillögu hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps og samkv. 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vogakauptúni:

Hafnargata verður aðalbraut gagnvart Gamla Þjóðvegi, Heiðargerði, Kirkjugerði og Egilsgötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda). Ennfremur verður hún aðalbraut gagnvart Vogagerði og nýtur þar réttar samkv. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).

Gamli Þjóðvegur verður aðalbraut gagnvart Tjarnargötu, Ægisgötu, Suðurgötu og Brekkugötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Vogagerði verður aðalbraut gagnvart Tjarnargötu og Ægisgötu og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Tjarnargata verður aðalbraut gagnvart Heiðargerði, Kirkjugerði og Aragerði og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ægisgata verður aðalbraut gagnvart Heiðargerði, Kirkjugerði, Hofgerði og Aragerði og nýtur réttar samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Lögreglustjórinn í Gullbringusýslu, 28. nóvember 1980.

Jón Eysteinnsson.

AUGLÝSING**um umferð í Sandgerði, Miðneshreppi.**

Að fenginni samþykkt hreppsnefndar Miðneshrepps og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirtaldar reglur um umferð í Sandgerði:

Biðskylda verður á Austurgötu, Klapparstíg, Uppsala vegi, Bjarmalandi og Holts götu við Hlíðargötu.

Biðskylda verður á Austurgötu við Suðurgötu.

Biðskylda verður á Hlíðargötu, Holtsgötu og Hjallagötu við Ásabraut.

Biðskylda verður á Vallargötu við Vesturgötu og við Túngötu.

Stöðvunarskylda verður á Suðurgötu við Strandgötu/Keflavíkurveg.

Stöðvunarskylda verður á Vesturgötu við Suðurgötu og við Strandgötu.

Bifreiðastöður eru bannaðar á Túngötu að austanverðu, milli Suðurgötu og Austurgötu.

Reglur þessar taka þegar gildi og jafnframt falla þá úr gildi allar andstæðar eldri reglur um umferð í Sandgerði.

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu, 3. desember 1980.

Jón Eysteinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Bolungarvík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Bolungarvíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Við vesturbrún Hafnargötu, frá horni Brimbrjótsgötu norður að mótum Hafnargötu og Aðalstrætis, eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
2. Við austurbrún Hafnargötu eru bifreiðastöður bannaðar frá horni Brimbrjótsgötu norður að bifreiðastæðum vestan frystihúss.
3. Á Vitastíg (beggja vegna götunnar) frá Hafnargötu að Aðalstræti eru bifreiðastöður takmarkaðar við 30 mínútur.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Þuríðarbraut (beggja vegna götunnar) frá Hólsárbrú að gatnamótum sunnan við bensínstöð Olíufélagsins Skeljungs hf.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Bolungarvík, 3. nóvember 1980.

Halldór Kristinnsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar við austanverðan Eskihvamm.
2. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar beggja vegna Engihjalla.
3. Umferð um Nýbýlaveg njóti aðalbrautarréttar fyrir umferð aðliggjandi gatna, þannig að umferð þeirra viki fyrir umferð um Nýbýlaveg, samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í hága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 23. desember 1980.

Leó E. Löve, fulltrúi.